

Háskólafélag Suðurlands

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra til aðalfundar 2021 um starfsemina 2020



Inngangur	3
Stjórn Háskólafélagsins	4
Starfsmenn	4
Húsnæði	5
Helstu breytingar á verkefnum Háskólafélagsins árið 2020	5
Þjónusta við fjarnema	6
Önnur verkefni	13
Samstarfið við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS).....	15
Samstarfið við mennta- og menningarmálaráðuneytið	15
Helstu samstarfsaðilar.....	16

Háskólafélag Suðurlands var stofnað 19. desember 2007. Háskólafélagið er einkahlutafélag, stofnað af þrettán sveitarfélögum á Suðurlandi auk Sambands sunnlenskra sveitarfélaga (SASS). Heimanmundur félagsins frá eignaraðilum sínum voru fjármunir frá Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands, 69.590.580 kr. Í ársbyrjun 2014 gerðist Sveitarfélagið Hornafjörður aðili að félaginu með kaupum á hlutafé að upphæð kr. 6.263.313.

Meginstarfsstöð Háskólafélagsins er á Selfossi í Fjölheimum við Tryggvagarð. Þar eru nú fjórir starfsmenn félagsins í 3,25-3,5 stöðugildum (framkvæmdastjóri í 75% starfshlutfalli frá 1.8.2020), fjórði starfsmaðurinn er með starfsstöð í Fablab smiðjunni í Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi. Auk þess er starfsmaður í hálfu starfi á Hvolsvelli og sinnir hann verkefnum í tengslum við samstarfssamning félagsins við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS). Síðustu mánuði 2020 var starfsmaðurinn á Hvolsvelli í fullu starfi vegna aukinna verkefna. Í lok ársins 2020 voru starfsmenn félagsins því sex talsins í 5,25 stöðugildum.

Samkvæmt samþykktum einkahlutafélagsins er tilgangur félagsins að auka búsetugæði og styrkja efnahag á Suðurlandi með því að reka þekkingarnet á Suðurlandi sem felur í sér að;

- miðla háskólanámi í samvinnu við símenntunarmiðstöðvar á Suðurlandi og í samvinnu við íslenska og erlenda háskóla,
- sérsauma endurmenntun sem hæfir atvinnulífinu, á eigin vegum eða í samvinnu við aðra,
- samhæfa og styrkja rannsóknir í fjórðungnum með því að auka samvinnu rannsóknarstofnana og fyrirtækja,
- leita eftir og miðla erlendri þekkingu með samvinnu við erlenda aðila á sviði menntunar og rannsókna.

Í samningi félagsins við mennta- og menningarmálaráðuneytið eru meginmarkmið hans skilgreind sem þrípætt;

- bæta aðgengi íbúa Suðurlands að námi,
- stuðla að auknu samstarfi og samþættingu menntunar, rannsókna og fræðastarfs,
- reka tímabundin átaksverkefni sem stuðla að byggðapróun og nýsköpun á starfssvæði HfSu

Jafnframt er tekið fram í samningnum að félagið leiði vinnu við þróun þekkingarnets á Suðurlandi sem miðar að samhæfðri starfsemi staðbundinna þekkingarsetra annars vegar, og HfSu og Fræðslunetsins hins

vegar. Samningurinn tók upphaflega til áranna 2015-2017 en hefur nú fjórum sinnum verið framlengdur til eins árs í senn, síðast til ársloka 2021.

Stjórnarfundir 2020 voru færri en áður og helgast það að mestu leyti af heimsfaraldrinum. Auk aðalfundarins, sem að þessu sinni fór fram í fjarfundi, var stjórnarfundur í apríl, einnig í fjarfundi, þar sem ársreikningurinn var staðfestur. Þá var haldinn stjórnarfundur í Tryggvaskála í lok júní samhliða háskólahátíð félagsins.

STJÓRN HÁSKÓLAFÉLAGSINS

Stjórn Háskólafélagsins skipa:

Sveinn Aðalsteinsson, formaður

Kristín Hermannsdóttir, varaformaður

Helga Þorbergsdóttir, ritari

Dagný Magnúsdóttir,

Olga Lía Garðarsdóttir,

Rögnvaldur Ólafsson,

Sigurður Þór Sigurðsson.

STARFSMENN

Starfsmenn Háskólafélagsins í lok ársins 2020 eru sex í 5,25 stöðugildum:

Sigurður Sigursveinsson, framkvæmdastjóri (í 75% starfi)

Guðlaug Ósk Svansdóttir, verkefnastjóri

Hrafnkell Guðnason, verkefnastjóri

Ingibjörg Ásta Rúnarsdóttir þjónustufulltrúi (í hálfu starfi)

Ingunn Jónsdóttir, verkefnastjóri

Magnús St. Magnússon, smiðjustjóri Fablab á Selfossi

HÚSNÆÐI

Höfuðstöðvar félagsins eru í Fjölheimum á Selfossi. Þar eru skrifstofur starfsmanna, kennslustofur, lesstofa fyrir nemendur, kaffistofa og hópinnuaðstaða fyrir nemendur auk funda- og viðtalsherbergja.

Háskólafélagið er formlegur leigutaki húsnæðisins, alls 1620 fermetra, af Sandvíkursetri ehf, fasteignafélagi í eigu Sveitarfélagsins Árborgar. Um tíu ára leigusamning er að ræða (til ársloka 2022) og er umsamið leiguverð 15,7 mkr/ári, bundið vísitölu neysluverðs. Að teknu tilliti til vísitöluákvæða samningsins var leigan 2020 18,8 mkr. Félagið hefur forleigurétt að húsnæðinu að loknum leigutímanum og þarf að tilkynna það með sex mánaða fyrirvara ef félagið nýtir sér þennan rétt.

Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi er stærsti notandi húsnæðisins en auk þess hefur fjöldi aðila aðsetur í Fjölheimum. Á árinu urðu þær breytingar að eitt fyrirtæki bættist í hóp leigjenda í Fjölheimum; Adventures for Students, en Snerpa og Réttindagæslumaður fatlaðs fólks á Suðurlandi eru horfin úr hópi leigutaka. Aðrir leigjendur í Fjölheimum eru Birta starfsendurhæfing, Fabia Design, Komma Strik, Lausnin fjölskyldumiðstöð, Markaðsstofa Suðurlands, Minjavörður Suðurlands, Náttúrustofa Vestfjarða, Næsta Skref og Ökuland. Framkvæmdastjóri Háskólafélagsins heldur utan um rekstur þekkingarsamfélagsins í Fjölheimum sem telur hátt á þriðja tug starfsmanna og sinnir þjónustu við hundruð nemenda, bæði í framhaldsfræðslu og á háskólastigi, en þekkingarsetrið sem slíkt nýtur engra styrkja frá opinberum aðilum. Umtalsverðar tekjur eru af útleigu skrifstofuhúsnæðis til hinna ýmsu aðila auk tekna af útleigu á kennslustofum og fundaraðstöðu, en Háskólafélagið og Fræðslunetið skipta á milli sín í tilteknum hlutföllum (76,7%/23,3%) uppgjöri á kostnaði að frátöldum tekjum.

HELSTU BREYTINGAR Á VERKEFNUM HÁSKÓLAFÉLAGSINS ÁRIÐ 2020

Árið 2020 einkenndist mjög af heimsfaraldrinum en um miðjan mars voru teknar upp harðar sóttvarnareglur sem m.a. fólu í sér að Fjölheimum var lokað fyrir nemendum. Starfsmenn unnu að nokkru leyti heiman frá sér, en áttu þess einnig kost að vinna á venjubundinni starfsstöð. Við þessar aðstæður voru teknir upp daglegir morgunfjarfundir starfsmanna með starfstöð í Fjölheimum og áttu þeir eflaust sinn þátt í að gera heimavinnu starfsmanna bærilegri.

Lögð voru drög að einu nýju erlendu samstarfsverkefni og annað hófst á árinu.

Ingunn Jónsdóttir verkefnastjóri sinnir Erasmus+ verkefninu **Crethink** fyrir hönd SASS (Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga) en verkefninu er stýrt af dönskum aðila sem við þekkjum að góðu einu úr norrænu samstarfsverkefni, en auk þess eru samstarfsaðilar á Ítalíu og í Slóveníu. Verkefnið hófst í ársbyrjun 2020 og er til tveggja ára. Verkefnið er í tveimur hlutum; annars vegar er unnið sameiginlega að því að kenna og þjálfva þátttakendur í að vinna út frá svokallaðri „samsköpun“ (e. co-creation) þar sem áherslan er á að lausnir við áskorunum séu bestar þegar þær eru unnar í samvinnu við alla sem áskorunina snertir (e. bottom up) í stað þess að hún komi sem skipun frá t.d. ráðamönnum (e. top-down) sem allir eigi svo að fara eftir. En verkefnið tekur þetta svo í raun skrefi lengra með því að „prufa“ þessar tillögur að lausnum í svokölluðum „lifandi rannsóknarstofum“ (e. living-labs) þar sem tillögurnar eru prófaðar og árangur þeirra svo metinn. Hvert land er svo með sitt raundæmi til þess að finna lausnir og á Íslandi gengur verkefnið út á reyna að finna leið til þess að innleiða hringrásarhagkerfi (e. zero waste) inn í sveitarfélög og er unnið með Hveragerðisbæ í verkefninu. Til þess að íbúar upplifi eignarhald á þessu verkefni er íslenska hlutanum stýrt af fjórum svokölluðum „breytingarstjórum“ (e. change agents) sem eru allir búsettir í sveitarfélaginu en eru fulltrúar ólíkra hópa innan þess, svo sem fulltrúi bæjarstjórnar, fulltrúi fyrirtækja, fulltrúi félagasamtaka og fulltrúi íbúa. Þeirra verkefni er að fá íbúa og fyrirtæki til þess að taka þátt, koma með tillögur að lausnum og finna leiðir til þess að prufa þær í framhaldinu.

Þá var á árinu unnið að umsókn um Erasmus+ verkefnið **Adults on the move**. Verkefnið leiðir norskur aðili en auk Háskólafélagsins eru samstarfsaðilar í Grikklandi og Tyrklandi. Það miðar að því að styðja ungt fólk í atvinnuleit sem hefur áhuga á stafrænni menningu og nota þá þekkingu til þess að auka stafræna hæfni þeirra, frumkvöðlafræðslu og sköpunarhæfni til að komast leiðar sinnar út úr atvinnuleysi og tryggja inngöngu þeirra á vinnumarkaðinn. Í árslok 2020 bárust þær fréttir að verkefnið hefði verið samþykkt. Gert er ráð fyrir að Fablab smiðjan í FSu verði virkur aðili í þessu verkefni.


ÞJÓNUSTA VIÐ FJARNEMA

Heimsfaraldurinn setti strik í reikninginn varðandi þjónustu við fjarnema. Sem fyrr segir var Fjölheimum lokað 16. mars vegna sóttvarnarráðstafana

og var ákveðið að endurgreiða þeim sem leigt höfðu sér þar aðstöðu fyrir tímabilið 16.3.-4.5., en þá var létt á sóttvarnarráðstöfunum og leyft að opna húsnæðið aftur fyrir nemendum. Flestir nýttu sér einnig að fá endurgreitt til loka annarinnar þar sem staðbundin próf féllu að mestu niður.


Haustönnin varð líka fyrir barðinu á faraldrinum. Færri leigðu sér aðstöðu en áður og umfang haustannarprófanna varð miklu minna en ella.

Hér er að finna myndrænar upplýsingar um þjónustuna, teknar saman af Ingibjörgu Ástu Rúnarsdóttur þjónustufulltrúa:




Mynd 1 Fjöldi prófskráninga og próftöku eftir önnnum 2017-2020

Á myndinni kemur glögggt fram hrapið í fjölda próftaka á árinu.




Mynd 2 Mætingarhlutfall í prófum eftir önnnum 2017-2020




Mynd 3 Skráning og mæting í próf eftir önnnum 2017-2020

Á vorönn var annars vegar um að ræða próf sem voru tekin áður en faraldurinn skall á og hins vegar próf frá Hólum og Bifröst um vorið, en um vorið voru engin próf haldin frá öðrum háskólum og ekki heldur fjarpróf frá framhaldsskólum. Á haustönninni var aðallega um að ræða svokölluð samkeppnispróf, flest frá Háskólanum á Akureyri, auk nokkurra frá Háskóla Íslands.




Mynd 7 Fjöldi próftaka 2017-2020 eftir kynjum



Mynd 8 Kynjahlutfall próftaka 2017-2020

Eins og áður er kynjaskipting próftaka ójöfn, einungis um fjórði hver karlkyns.



Mynd 9 Hlutfall Selfyssinga meðal próftaka 2017-2020

Áhugavert er að skoða hvaðan próftakarnir eru að koma, en við höfum upplýsingar um heimilisfang próftakanna úr Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri frá 2017, og allra annarra frá og með árinu í fyrra. Á mynd 9 kemur fram að innan við helmingur próftakanna er frá Selfossi þannig að ljóst má vera að þjónustusvæði Háskólafélagsins í þessu sambandi nær töluvert út fyrir Selfoss.

Háskólahátíð

Á hverju vori, rétt fyrir sumarfrí, samfagnar Háskólafélagið með þeim sem eru að ljúka námi úr háskóla og hafa notið þjónustu félagsins meðan á námi stóð. Yfirleitt fer hátíðin fram í Fjölheimum en að þessu sinni var hún haldin í Tryggvaskála að afloknum stjórnarfundum félagsins.

Það sem setti sérstakan brag á hátíðina að þessu sinni var sú staðreynd að nú voru fyrstu nemendurnir að ljúka diplómanámi í hagnýtum leikskólafræðum frá Háskóla Íslands. Um var að ræða sérstakt tilraunaverkefni í samvinnu félagsins, Háskóla Íslands og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, en verkefnið fékk myndarlegan styrk úr Sóknaráætlun Suðurlands 2018. Við athöfnina afhenti Oddný Sturludóttir verkefnisstjóri við menntavísindasvið Háskóla Íslands félaginu sérstakt viðurkenningarskjal í þakkarskyni fyrir samstarfið.



Mynd 10 Brottfarendur í Tryggvaskála 25.6.2020. Myndir frá Dagskránni á Selfossi



Mynd 11 Margrét Birgitta Davíðsdóttir hélt snjalla tölu fyrir hönd brottfrenda



Mynd 12 Oddný Sturludóttir frá menntavísindasviði HÍ flutti ávarp



Mynd 13 Nemarnir í hagnýtu leikskólafræðunum með Oddnýju Sturludóttur frá HÍ og þeim Ingunni Jónsdóttur og Sigurði Sigursveinssyni frá HfSu

Á árinu var áfram unnið að uppbyggingu FabLab smiðjunnar í FSu á Selfossi. Ákveðið var að stækka rými smiðjunnar í nýja verknámshúsinu inn í aðliggjandi geymslugang. Var þar um talsverða framkvæmd að ræða og gafst þá einnig tækifæri til að kaupa fræsara í fullri stærð, til viðbótar við laserskerann sem fyrir var. Þessi tvö tæki komast bæði fyrir í nýja rýminu og verður nú sérstök loftræsing frá þeim báðum þannig að loftgæði í smiðjurýminu sjálfu eiga nú að verða í lagi.



Mynd 14 Laserskerinn sem keyptur var í smiðjuna við stofnun hennar.

Starfsemin í smiðjunni var minni en ella vegna heimsfaraldursins en tíminn nýttist samt vel til undirbúnings á breytingum á aðstöðunni, og samsetningu á nýja fræsanum. Þá var unnið að undirbúningi samningagerðar við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið um stuðning ráðuneytanna við fablabsmiðjurnar, m.a. vegna lokunar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.



Mynd 15 Hér sést inn í nýja rýmið sem að hluta til nær inn í eldra rýmið



Mynd 16 Nýi fræsarinn sem getur tekið heilar plötur

SAMSTARFIÐ VIÐ SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA (SASS)

Samstarfið við SASS var með svipuðum hætti og undanfarin ár. Starfsmenn félagsins unnu bæði að verkefnum tengdum Uppbyggingarsjóði Suðurlands og tímabundnum áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands. Uppbyggingarsjóðurinn fjármagnar annars vegar styrki til atvinnuþróunar og nýsköpunar en hins vegar til menningarverkefna.

Gerður var sérstakur samningur við félagið um áhersluverkefnið Menntahvöt en því er ætlað að hvetja Sunnlendinga til náms. Unnið hefur verið kynningarefni í þessu sambandi og er stefnt að því það verði sýnilegt á næstu vikum og mánuðum, einkum á samfélagsmiðlum. Einnig er gert ráð fyrir því að SASS geri sérstakan samning við félagið um verkefni sem styrkt er úr Bygðaaætlun varðandi samstarf safna.

Á árinu lauk áhersluverkefninu um fagháskólanám í leikskólafræðum, en nýr hópur á þessari námsleið fór síðan af stað sl. haust í samvinnu við Háskóla Íslands og Keili. Hópurinn á Suðurlandi taldi níu manns; þrír á Selfossi og nágrenni, tveir á Hvolsvelli og fjórir á Höfn í Hornafirði. Um nám með vinnu er að ræða og mættu nemendur/leikskólastarfsmennirnir að jafnaði á þriðjudagsmorgnum í námsver í sínu byggðarlagi og tóku þar þátt í kennslustundum sem að öðru leyti fóru fram hjá Keili á Ásbrú í Reykjanesbæ. Gott samstarf er milli viðkomandi leikskóla, Háskólafélagsins og HÍ/Keilis um þetta verkefni, og er ánægjulegt að hér virðist hafa tekist að koma á nýrri námsleið til framtíðar. Með henni er tryggt að ófaglærðir starfsmenn leikskóla í héraðinu geta nú stundað nám frá grunni, t.d. með námsleiðum Fræðslunetsins, til háskólanáms án þess að flytjast búferlum eða ljúka formlegu stúdentsprófi.

SAMSTARFIÐ VIÐ MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Eins og fram hefur komið í þessari skýrslu er samningur félagsins við mennta- og menningarmálaráðuneytið löngu útrunninn en hefur verið framlengdur með árlegum viðaukasamningi í nokkur ár. Um nokkur undanfarin ár hefur ráðuneytið unnið að stefnumörkun um málefni þekkingarsetra í samræmi við ákvæði í fjármálaáætlunum og frumvörpum til fjárlaga. Ítarlegum gögnum var safnað í þessu sambandi 2017 og 2018 og aftur 2020. Líklega má þakka þessari gagnaöflun að árlegar (og varanlegar) fjárveitingar til félagsins hækkuðu umtalsvert í árslok 2019. Síðan hljóp aftur á snærið í lok ársins en 18. desember 2020 barst

eftirfarandi tölvupóstur frá Þórarni Sólmundarsyni, tengiliði félagsins í ráðuneytinu:

Fræðsluaðilar og þekkingarsetur hafa mörg undanfarin ár verið virkir þátttakendur í að bæta aðstæður til háskólanáms vítt um land. Umfang hverskyns fjarnáms á háskólastigi hefur farið vaxandi undanfarin ár og hafa stöðvarnar verið virkir þátttakendur í þeirri þróun og nú síðast með aðstoð við framkvæmd verkefnisins *Sumarnám háskóla 2020*.

Í haust aflaði skrifstofa háskóla og vísinda sér upplýsinga um umfang þessarar starfsemi fyrir árin 2017 til 2019 og kom þar m.a. fram að próftökur hjá fræðsluaðilum og þekkingarsetrum voru yfir 7 þúsund á árinu 2019.

Skrifstofa háskóla og vísinda hefur ákveðið að nýta svigrúm til að koma í ríkara mæli til móts við þessa starfsemi fræðsluaðila og þekkingarsetra, með *einskiptisframlagi* árið 2020.

Uppgefið umfang próftöku hjá Háskólafélagi Suðurlands á árinu 2019 voru 1.018 próf.

Viðbótarframlag er kr. 4.072.000,-

Fjárhæðin mun hafa verið í hlutfalli við umfang prófapjónustu einstakra þekkingarsetra og kom þar í ljós að á landsbyggðinni er hún umfangsmest hjá Háskólafélagi Suðurlands. Má segja að það sé nokkur staðfesting á mikilvægi starfs félagsins varðandi búsetugæði í héraðinu.

Með tilkomu þessarar viðbótarfjárveitingar í desember sl. varð afkoma félagsins jákvæð á árinu en annars hefði hún verið í jánnum. Má segja að hún hafi bætt félaginu að fullu það tekjutap sem varð af minni þjónustu varðandi prófahald og lesstofu vegna heimsfaraldursins.

HELSTU SAMSTARFSAÐILAR

Meðal innlendra samstarfsaðila Háskólafélagsins á árinu má nefna Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi, Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands, Keili, Háskólann á Hólum, Háskólann á Bifröst, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Atorku, Kötlum jarðvang, Kirkjubæjarstofu, Kötlusetur, Skálholtsskóla, Nýheima þekkingarsetur, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Nýsköpunarmiðstöð Íslands auk ýmissa annarra stofnana og fyrirtækja, bæði á Suðurlandi og utan þess.

Meðal erlendra samstarfsaðila má nefna European and Global Geoparks Networks, UNESCO, Nordplus áætlun norrænu ráðherranefndarinnar, Erasmus plus áætlun Evrópusambandsins og ýmsa samstarfsaðila innan þessara samstarfsáætlana.

VIÐAUKI: STEFNUMÖRKUN FÉLAGSINS

Eftirfarandi stefnumörkun félagsins var staðfest af stjórn félagsins í ársbyrjun 2019:

FRAMTÍÐARSÝN FÉLAGSINS

Háskólafélagið er helsti samstarfsaðili háskóla, sveitarfélaga, fyrirtækja, stofnana, almennings og ríkisins á sviði menntamála og nýsköpunar á Suðurlandi.

HLUTVERK FÉLAGSINS

Háskólafélagið hefur frumkvæði að því að auka búsetugæði á Suðurlandi með því að færa menntun, rannsóknir og nýsköpun nær Sunnlendingum, í samstarfi við samfélagið.

GILDI FÉLAGSINS

Frumkvæði og samstarf

Meginmarkmið

- bæta aðgengi Sunnlendinga að háskólamenntun,
- vinna að byggðaðpróun á Suðurlandi,
- starfa að nýsköpun með fyrirtækjum og einstaklingum á Suðurlandi,
- efla rannsóknir og fræðastarf á Suðurlandi.

Undirbúnaðar-/starfsmarkmið

- bæta aðgengi Sunnlendinga að háskólamenntun;
 - vera í samstarfi við háskóla um sveigjanlegt náms- og kennslufyrirkomulag,
 - þróa námsleiðir með hliðsjón af þörfum íbúa og sunnlensks atvinnulífs,
 - starfrækja viðurkennda prófapjónustu vítt og breitt um Suðurland,
 - starfrækja eða eiga samstarf um námsver á Suðurlandi.
- vinna að byggðaðpróun á Suðurlandi;
 - eiga virkt samstarf við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) um verkefni Sóknaráætlunar Suðurlands,
 - hafa frumkvæði að þróunarverkefnum, innlendum sem erlendum,
 - fylgja eftir vel heppnuðum verkefnum, t.d. Katla UNESCO Global Geopark
- starfa að nýsköpun með fyrirtækjum og einstaklingum á Suðurlandi;
 - stuðla að öflugu nýsköpunarumhverfi á Suðurlandi,
 - eiga virkt samstarf við SASS um nýsköpun,
 - starfa með félögum atvinnulífsins á Suðurlandi.
- efla rannsóknir og fræðastarf á Suðurlandi;
 - eiga samstarf við rannsókn- og vísindastofnanir, innlendar sem erlendar,
 - starfa með þekkingarsetrum á Suðurlandi að rannsóknum og fræðastarfi,
 - taka þátt í starfi Vísinda- og rannsóknasjóðs Suðurlands.